

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1941.

Lög um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, 5. maí 1941, nr. 9.

Lög um stríðsgróðaskatt, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, sama dag, nr. 10.

Lög um heimild fyrir rikissjóð til að taka 10 milljón króna innanrikislán, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, sama dag, nr. 11.

Lög um breyting á lögum nr. 63 31. desember 1937, um tollheimtu og tolleftirlit, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, sama dag, nr. 12.

Lög um viðauka við lög nr. 63 31. desember 1937, um tollheimtu og tolleftirlit, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, sama dag, nr. 13.

Lög um breyting á lögum nr. 58 8. september 1931, um einkasölu rikisins á tóbaki, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, sama dag, nr. 14.

Lög um afnám laga nr. 25 9. janúar 1935, um viðauka við lög nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald, og afnám 2. gr. laga nr. 91 11. júní 1938, um breyting á þeim lögum, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, sama dag, nr. 15.

Lög um breyting á lögum nr. 27 8. september 1931, er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárþóta, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, sama daga, nr. 16.

Lög um breyting á lögum nr. 73 31. desember 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl., og lögum nr. 115 31. maí 1940, um breyting á þeim lögum, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, 28. maí 1941, nr. 17.

Lög um sandgræðslu og heftingu sandfoks, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, sama dag, nr. 18.

Lög um veiði, sölu og útflutning á kola, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, sama dag, nr. 19.

Lög um breyting á lögum nr. 32, 14. júní 1929, um loftferðir, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, sama dag, nr. 20.

Lög um breyting á umferðarlögum nr. 110 30. maí 1940, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, sama dag, nr. 21.

Lög um breyting á bifreiðalögum, nr. 75 7. maí 1940, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, sama dag, nr. 22.

Bréf dómsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Skagafjarðar- sýslu, um að Holtshreppur verði sérstök dómþinghá.

56

3. júní

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 24. febrúar s. l., og samþykkt hreppsnefndar Holtshrepps í Skagafjarðarsýslu, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að Holtshreppur verði framvegis sérstök dómþinghá með þingstað að Ketilási í Holtshreppi, enda annist hreppsnefndin um að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.